



HEILBRIGÐISSTOFNUN
AUSTURLANDS

VIRÐING ÓRYGGI ÞAGMENNNSKA

S T O F N A N A S A M N I N G U R
Heilbrigðisstofnunar Austurlands
og
Félagsráðgjafafélag Íslands

1. Inngangur

Stofnanasamningur þessi er gerður milli Félagsráðgjafafélags Íslands (FÍ) og Heilbrigðisstofnunar Austurlands (HSA) um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og Félagsráðgjafafélag Íslands hins vegar.

2. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra félagsmanna í Félagsráðgjafafélagi Íslands sem starfa við HSA og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

3. Markmið

Aðilar er sammála um eftirfarandi markmið:

- að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti
- að launakerfið taki mið af skipuriti stofnunar
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til áhrifa á framgang í starfi
- að launakerfið stuðli að launajafnrétti kynjanna og gætt sé jafnrædis við ákvörðun launa

4. Starfaflokkun og röðun starfa

a. Við röðun starfa í launaflokka skal meta verkefni, skyldur og ábyrgð sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits HSA eða annars formlegs starfsskipulags.

b. Röðun starfa í launaflokka gerir ráð fyrir meistaraprófi í félagsráðgjöf. Starfsmenn sem öðluðust starfsréttindi í félagsráðgjöf eftir fjögurra ára nám, 240 ECTS einingar, raðast með sama hætti og félagsráðgjafar sem lokið hafa MA-prófi í félagsráðgjöf.

c. Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram starfsréttindi í félagsráðgjöf í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokka (lfl.) sem hér segir:

- Diplóma eða sambærilegt nám (60 einingar) = 1 launafokkur.
- Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar.
- Doktorsgráða (180 einingar) = 3 launaflokkar.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
AUSTURLANDS

VIKINGI - ORYGGI - FAGMENNSKJA

Starfaflokkun og röðun:

Starfaflokkur	Launafl.
• Félagsráðgjafi 1	lfl. 11
• Félagsráðgjafi 2	lfl. 12
• Félagsráðgjafi 3	lfl. 13
• Félagsráðgjafi 4	lfl. 14

Félagsráðgjafi 1: Félagsráðgjafi á fyrsta starfsári, sinnir almennri félagsráðgjöf á sjúkra/hjúkrunar eða heilsugæslusviði, vinnur undir handleiðslu reyndari félagsráðgjafa.

Félagráðgjafi 2: Félagsráðgjafi eftir a.m.k. eitt ár í starfi, sinnir almennri félagsráðgjöf á sjúkra/hjúkrunar eða heilsugæslusviði. Starfar sjálfstætt, skipuleggur starf sitt og vinnur í þverfaglegum teymum.

Félagsráðgjafi 3: Sinnir sama starfi og félagsráðgjafi 2. Hefur a.m.k. fjögurra ára starfsreynslu í faggreininni eða hefur verið falin umsjón með afmörkuðum verkþáttum af yfirmanni.

Félagsráðgjafi 4: Félagsráðgjafi sem hefur verið falin yfirumsjón með umfangsmiklum verkefnum, án faglegs yfirmanns, með ábyrgð á skipulagi og þróun félagsráðgjafar innan HSA. Hann stýrir vinnu annarra félagsráðgjafa við stofnunina og sinnir handleiðslu annarra fagaðila. Tekur þátt í þróun á starfi félagsráðgjafa innan allra sviða HSA ásamt geðheilsuteymis HSA.

5. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

Meta skal persónu- og tímabundna þætti sem þrep/launaflokka í launatöflu. Slíkt álag skal háð endurmati. Meta má vægi álags beggja þátta til hækjunar.

a) Námskeið/ viðbótarnám

• 60 kennslustundir námskeið	1 þrep
• 30 ECTS einingar	1 þrep
• 60 ECTS einingar	1 þrep
• Meistaránám	2 launaflokkar
• Doktorsnám	3 launaflokkar

b) Sérfræðileyfi

Áfangar að sérfræðileyfi skulu metnir með eftirfarandi hætti:

1. Áfangi: 20 handleiðslutímar og 20 ECTS einingar 1 þrep
2. Áfangi: 40 handleiðslutímar og 40 ECTS einingar 1 þrep
3. Áfangi: 60 handleiðslutímar og 60 ECTS einingar 1 þrep
Sérfræðileyfi 2 þrep

Sérfræðileyfi veitir alls hækjun um 5 þrep

Ekki skal vera um tvítalningu náms eða námsstunda í lið a og b að ræða.

c) Starfsreynsla sem félagsráðgjafi

- Eftir 4 ár í starfi hjá HSA 1 þrep
- Eftir 12 ár í starfi hjá HSA 1 þrep
- Eftir 20 ár í starfi hjá HSA 1 þrep
- Eftir 25 ár í starfi hjá HSA 1 þrep

EB
SS NTH



HEILBRIGÐISSTOFNUN
AUSTURLANDS

VIRKING / ORYGGI / FAGMENNSKA

Hecimilt cr að mcta starfsreynslu á fagsviði vegna starfa utan HSA.

6. Tímabundin verkefni

Taki starfsmaður að sér verkefni að beiðni stofnunar skal það umbunað með 1-2 þrepum. Skilyrði er að starfið sé skilgreint í starfslýsingu eða erindisbréfi og staðfest af framkvæmdarstjóra hjúkrunar/forstjóra. Slik störf skulu hafa upphafsgögnum lokatíma, þó ekki lengri tíma en 12 mánuðir í senn.

Viðmið sérverkefna og aukaverkefna:

- Tímabundin aukin ábyrgð
- Innleiðing verkefna
- Þróun og nýsköpun

7. Réttur til handleiðslu

Félagsráðgjafar 3 og 4 sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands skulu eiga rétt á allt að átta handleiðslutínum á ári utan stofnunar. Handleiðsla fyrir félagsráðgjafa 1 og 2 er í samræði við framkvæmdastjóra mannauðs.

8. Hlutverk samstarfsnefndar og meðferð ágreiningsmála

Ef ágreiningsmál koma upp vegna röðunar starfsmanna í launaflokka samkvæmt samningi þessum er ágreiningi vísað til samstarfsnefndar HSA og FÍ sbr. gr. 11 í kjarasamningi þeim er samningurinn byggir á.

9. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 01.06. 2020.

Um endurskoðun samnings fer skv. 11. kafla kjarasamnings Félagsráðgjafafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs en hvorum aðila um sig, stofnun eða fulltrúum stéttarfélags, er heimilt að óska eftir endurskoðun hans.

Egilsstaðir 21.10.2020

f. l. Heilbrigðisstofnun Austurl.

Emil Sigurjónsson

Nina Hraun Gunnarsdótt.

f. h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinnur Bergmann

Fylgiskjal I

Vinnureglur varðandi mat á sí- og endurmenntun.

Starfsmenn geta óskað eftir endurskoðun launaröðunar vegna viðbótarnáms eða starfsreynslu og skal beiðni þar að lútandi skilað skriflega til næsta yfirmanns. Eftirfarandi reglur varðandi slikt endurmat skulu hafðar til viðmiðunar:

Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi gögn:

- a) Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskciðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- b) Ljósrit af skjali sem sannar þáttöku viðkomandi.
- c) Ef um er að ræða þáttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrilestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- d) Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- e) Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.

Hækkun vegna námskeiða/viðbótarnáms/starfsreynslu taki gildi mánuði eftir að gögnum er skila inn

